


Minnisblað lagt fyrir fund fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 11. september 2020

Á undanförunum árum hefur reynslan sýnt að staða vinnufærra einstaklinga á fjárhagsaðstoð er misjöfn og þurfa sumir þeirra mikinn stuðning á meðan þeir eru að fóta sig á vinnumarkaðnum.

Á fundi fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 24. apríl sl. var greint frá samvinnu fjölskyldu – og barnamálasviðs við vinnuskóla Hafnarfjarðar og þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar þar sem samþykkt var að ráða verkstjóra til að halda sérstaklega utan um þennan hóp og úthluta þeim störfum við hæfi. Laun verkstjórans hafa verið greidd í gegnum verkefnið. Umsækjendur voru á ábyrgð ráðgjafanna á fjölskyldu- og barnamálasviði og þeim falið að sækja um starfið hjá vinnuskólanum, fyrir hönd sinna skjólstæðinga. Á ráðningatímanum veitti ráðgjafinn skjólstæðingi sínum stuðning og eftirfylgni og gat því betur greint styrkleika skjólstæðingsins og hvernig hægt væri að leiðbeina honum áfram á vinnumarkaðnum. Í dag eru 8 einstaklingar í verkefninu og réttur til atvinnuleysisbóta hefur áunnist að loknu þessu 6 mánaða tímabili.



Á þessari mynd má greina að fjárhagsaðstoðin er í samræmi við fjárhagsáætlun og ekki er enn hægt að greina aukningu á fjárhagsaðstoð þrátt fyrir Covid-19 og aukið atvinnuleysi.

Einstaklingar á fjárhagsaðstoð hafa verið skilgreindir í fjóra flokka eftir ástæðu:


Áfram2: Undanþegnir vinnu og virkni (Einstaklingar í neyslu, ekki hægt að gera kröfu um virkni)

Áfram3: Biðhópur, TR eða VMST (Einstaklingar sem bíða afgreiða innan annarra stofnana)

Áfram4: Virkni hópur (Einstaklingar sem skortir starfs- eða ráðningarhæfni að fullu eða hluta)


Áfram5: Vinnuhópur (Einstaklingar í atvinnuleit)

Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð eftir hópum 2020



Eins og sjá má á ofangreindri töflu voru 47 einstaklingar í vinnuhóp í apríl sl. Á þeim tíma fór af stað markvisst átak og í júlí sl. voru 30 einstaklingar. Í byrjun voru margir sem þáðu vinnu hjá sveitarfélaginu en flosnuðu fljótt úr starfi vegna skertrar starfsgetu. Virknihópurinn stækkaði og leiðrétt var skráning á þeim einstaklingum sem voru undanþegnir vinnu og þeirra sem voru með skerta starfsgetu.

Fjárhagsaðstoð eftir aldri



Hér má sjá aldur þeirra einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu.

Í dag er útlit fyrir að atvinnuleysi aukist og þörfin fyrir úrræðinu er mikil. Samkvæmt upplýsingum frá fjárreiðudeild Hafnarfjarðarbæjar eru um tvær milljónir eftir skv. fjárhagsáætlun, sem naumast dugar til að greiða laun þeirra sem eru í verkefninu til októberloka.

Mikilvægt er að halda þessum góða árangri sem náðst hefur og leiða má líkum að því að hægt sé að draga úr hækkun almennrar fjárhagsaðstoðar verði áherslan í meiri mæli sett á fyrirbyggjandi aðgerðir. Ráða þarf verkefnastjóra til að halda utan um helstu þræði í atvinnuátakinu. Má þar fyrst nefna daglega verkstjórn, skráningu í vinnustund, greiðslu launa, almennt starfsmannahald, finna verkefni og störf við hæfi einstaklinganna og auka fjölbreytni þeirra hvort sem það er hjá sveitarfélaginu eða hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Megináherslan verður á virkni vinnufærra einstaklinga sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ. Með þeirri ákvörðun er sveitarfélagið að koma til móts við þá einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaðinum og auka lífsgæði þeirra.

Hafnarfirði, 9. september 2020
Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri